

## Erindisbréf siðanefndar FIE

### 1 Almennt

Í 4. grein samþykktá félags um innri endurskoðun (FIE)<sup>1</sup> kemur fram að félagsmönnum sé skylt að fara að siðareglum alþjóðasamtaka innri endurskoðenda (IIA), en brot á þeim geta varðað viðurlögum í samræmi við reglur alþjóðasamtaka innri endurskoðenda. Vísa skal meintum brotum á reglunum til siðanefndar félagsins, auk þess sem þau kunna að fara til umfjöllunar hjá alþjóðasamtökum innri endurskoðenda. Stjórn skal skipa siðanefnd og setja henni erindisbréf. Nefndin skal taka til umfjöllunar ábendingar um meint brot félagsmanna á siðareglum innri endurskoðenda

Siðareglur alþjóðasamtaka innri endurskoðenda eru mikilvægur hluti af faglegri umgjörð innri endurskoðunar. Félagsmönnum í alþjóðasamtökunum innri endurskoðenda, og þar með í félagi um innri endurskoðun, ber skylda til að fylgja þessum reglum óháð því hvort þeir hafi lokið prófi í innri endurskoðun. Þeir sem lokið hafa prófi geta átt von á því að vera sviptir réttindum, þ.e. mega ekki lengur kalla sig „Certified Internal Auditor“, fylgi þeir ekki reglunum.

Siðareglur innri endurskoðenda eru í senn skýrt fram settar og innihalda einfaldar grunn- og hegðunarreglur. Reglurnar skulu birtar á heimasíðu FIE á ensku og íslensku til að auðvelda félagsmönnum að kynna sér efni þeirra.

### 2 Nefndarmenn

Siðanefnd skal skipuð þremur nefndarmönnum í hið minnsta. Formaður siðanefndar er skipaður af stjórn til til eins árs í senn. Aðrir nefndarmenn eru valdir af formanni hennar og eru þeir jafnframt skipaðir til eins árs í senn. Formaður nefndarinnar skal vera félagi í FIE og hafa hina alþjóðlegu prófgráðu „Certified Internal Auditor“.

### 3 Hlutverk

Siðanefnd er ætlað að móta tillögur til stjórnar um verklag varðandi meðferð meintra brota á siðareglum og viðurlög við þeim, auk þess að vera virk í kynningu siðareglna innri endurskoðenda bæði til félagsmanna og almennt.

---

<sup>1</sup> Samþykkt á stofnfundi 12. febrúar 2003. Breytt á aðalfundi 25. maí 2005, á aukaaðalfundi 27. nóvember 2007 og á aðalfundi 27. maí 2010.

1  
Dó  
SÉ  
SNA  
HLL

### 3.1 Um hlutverk siðanefndar

Siðareglur einar og sér eru lítils virði ef brot á þeim kallar ekki á viðurlög. Eðlilegt er að viðurlögin séu vel kynnt fyrir félagsmönnum og öðrum þeim sem bundnir eru af siðareglum innri endurskoðenda.

Mikilvægt er að skýrt og hlutlægt ferli sé til staðar til að taka á meintum brotum. Þeir sem telja að félagsmaður hafi brotið gegn siðareglunum þurfa að vita hvert þeir eiga að tilkynna um slík brot. Allir aðilar, þ.m.t. þeir sem taldir eru hafa brotið gegn siðareglunum, þurfa að geta treyst því að tekið sé á slíkum málum á faglegan hátt. Um leið og tryggja þarf trúnað við þá sem láta vita af meintum brotum þarf einnig að koma í veg fyrir misnotkun á ferlinu með því að líta einnig á það sem ósiðlegt athæfi að vísvitandi gera einstaklingum upp rangar sakagiftir.

### 3.2 Verkefni siðanefndar

Lagt er til að verkefni siðanefndar verði í meginatriðum eftirfarandi:

1. Gera tillögu til stjórnar um meðferð meintra brota á siðareglum, ferli úrvinnslu þeirra og möguleg viðurlög eftir eðli brota.
2. Standa að kynningu siðareglna innri endurskoðenda meðal félagsmanna FIE og annarra hagsmunaaðila og undirbúa kynningar um beitingu regnanna í samvinnu við fræðslunefnd.
3. Annast úrvinnslu ábendinga um brot á siðareglum og gera tillögur til stjórnar um viðurlög í einstökum málum.

## 4 Samskipti við stjórn

Siðanefnd skal leggja fyrir stjórn tillögur sínar um verklag varðandi meðferð meintra brota á siðareglum og viðurlög við þeim, auk áætlunar um hvernig nefndin hyggst vera virk í kynningu siðareglna innri endurskoðenda bæði til félagsmanna og almennt.

Siðanefnd skal árlega gera stjórn grein fyrir starfi sínu á sérstökum fundi, áður en aðalfundur félagsins er haldinn í maímánuði ár hver.

## 5 Endurskoðun erindisbréfs

Erindisbréf þetta kemur árlega til endurskoðunar. Þá skal á grundvelli fenginnar reynslu kveða skýrar á um atriði sem óljós þykja eða taka til endurskoðunar verksvið og verkefni Siðanefndar FIE.

7. febrúar 2011

F.h. stjórnar FIE

*Kamma Suld Arndóttir* <sup>2</sup>  
*Annellagret Jónsson*  
*Sif Ein andóttir*  
*Albert Ólafsson* *Sæll Ólafsson*